



100. Héraðsþing UMSK

Haldið fimmtudaginn 21. mars 2024 í veislusal Golfklúbbs Kópavogs og Garðabæjar (GKG)
kl.18:00

1. Þingsetning.

Guðmundur Sigurbergsson, formaður UMSK, setur þingið.

2. Kosning þingforseta.

Guðmundur stingur upp á Kristjáni Sveinbjörnssyni og er það samþykkt.
Kristján fer yfir boðun þingsins og lýsir því yfir að til þess sé löglega boðað.

3. Kosning þingritara.

Guðmundur stingur upp á Höllu Garðarsdóttur og er það samþykkt.

4. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.

Kristján stingur upp á Eysteini Pétri Lárussyni, Jóni Aðalsteini og Sindra Rósinkrans í kjörbréfanefnd og er það samþykkt.

5. Skýrsla stjórnar lögð fram.

Guðmundur Sigurbergsson fer yfir skýrslu stjórnar sem finna má í ársskýrslu UMSK 2023.

6. Ársreikningur áritaður af stjórn og skoðunarmönnum lagður fram.

Victor Ingi Olsen, rekstrarstjóri UMSK, fer yfir ársreikning sem finna má á bls. 41 í ársskýrslu sambandsins. Tekjur UMSK voru rúmlega 191 milljón á árinu og hafa þær aldrei verið hærrí. Rekstur sambandsins gekk vel en rúmlega 15 milljón króna afgangur var af rekstrinum sem stjórn sambandsins ákvað að yrðu greiddar til aðildarfélaganna UMSK skv. þeirri skiptingu sem kveðið er á um í Lottóreglugerð sambandsins.

7. Ávörp gesta.

Hafsteinn Pálsson, fulltrúi frá ÍSÍ

Hafsteinn óskar UMSK til hamingju með flotta skýrslu og skilar hamingjuóskum frá ÍSÍ. Hann fór yfir hversu miklu máli starfsemi Íslenskra Getrauna og Getspár skipta fyrir hreyfinguna enda sjáist það vel í ársreikningi sambandsins. Hann telur mikla innspýtingu verða í íþróttastarf á landinu með tilkomu átta svæðisskrifstofa um land allt sem stutt væri við með samningi um viss verkefni við ráðuneytið. Svæðisskrifstofurnar muni styðja við starf félaga á svæðunum. Þá minntist Hafsteinn á að breytingar hafi orðið á með nýju skráningarkerfi Sportabler. Á ársskýrslu UMSK megi sjá að miklar breytingar hafi orðið á fjölda skráðra félagsmanna sem þörf sé á að kanna frekar og eftir atvikum bæta úr. Hann fór einnig yfir þörf fyrir því að félög sem breyti lögum sínum fái þau staðfesta af ÍSÍ og hvatti þar með fundarmenn að láta kanna það sérstaklega hvort lög félaganna hafi verið staðfest.

Fyrir hönd stjórnar ÍSÍ veitti Hafsteinn eftirfarandi heiðursviðurkenningar,

Silfurmerki ÍSÍ

Alexander Arnarson, HK
Björg Erlingsdóttir, HK
Halldór Arnarson, Breiðabliki
Hilmar S. Sigurðsson, Gróttu

Gullmerki ÍSÍ

Geirlaug B. Geirlaugsdóttir, Breiðabliki
Ólafur Björnsson, Breiðabliki

Ragnheiður Högnadóttir, fulltrúi UMFÍ.

Ragnheiður flutti kveðju frá stjórn og starfsfólki UMFÍ. Hún fór yfir það hversu mikið gagn félög geta haft af því að starfa saman og minntist þar á samvinnu félaga í kórónuveirufaraldrinum. Þá fór hún yfir ýmsar breytingar sem eru í farvatninu innan Íþróttahreyfingarinnar sem hefðu það að markmiði að auka árangur og skilvirkni. Íþróttahreyfingin ætti að vera óhrædd við að prófa eitthvað nýtt. Mikill styrkur hafi til að mynda falist í flutningi UMFÍ í Íþróttamiðstöðina í Laugardal og opnaði tækifæri til frekari samvinnu. Þá minntist Ragnheiður á mikilvægi að styðja við Getspá og Íslenskar getraunir og þörfina á því að stemma stigum við vöxt erlendra veðmálafyrirtækja sem hefðu starfsemi hér á landi í gegnum internetið. Miklir fjármunir væru að fara úr landi. Ragnheiður hvetur félögin til að sækja um styrki til UMFÍ. Starfsfólk svæðisstöðva geti til að mynda aðstoða félögin við að sækja styrki. Hvetur fundarmenn til að kynna sér viðburði á vegum UMFÍ. Notar tækifærið til að hvetja félögin til að huga að skráningu sem almannaeignafélag og njóta þannig vissra fríðinda.

Fyrir hönd stjórnar UMFÍ veitti Ragnheiður eftirtöldum aðilum starfsmerki UMFÍ;

Áslaug Pálsdóttir, Breiðabliki
Birna Kristín Jónsdóttir, Aftureldingu
Bragi Björnsson, Gróttu
Kristín Finnbogadóttir, Gróttu
Ragnheiður M. Ólafsdóttir, Gerplu

Valdimar Leó Friðriksson, formaður söguritunarnefndar UMSK

Valdimar flutti ávarp og fór yfir aðdraganda útgáfu Aldarsögu UMSK. Fyrir hönd ritnefndarinnar þakkaði Valdimar fyrir að fá að hafa komið að verkinu og þakkar höfundunum fyrir.

Guðmundur Sigurbergsson, formaður UMSK færði söguritunarnefnd kærar þakkir fyrir störf og afhenti nefndinni og höfundum þakklætisvott frá stjórn UMSK.

Söguritunarnefndina skipuðu;

Valdimar Leó Friðriksson, formaður
Alda Helgadóttir
Magnús Jakobsson
Birgir Ari Hilmarsson
Bjarki Bjarnason, höfundur og ritstjóri
Jón Ívarsson, höfundur

8. Álit kjörbréfanefndar.

Formaður kjörbréfanefndar Eysteinn Pétur Lárusson staðfestir þingfulltrúa. Það hafa borist kjörbréf frá 17 félögum en 59 félög eiga rétt á setu á þinginu. 39 fulltrúar af 169 eru mættir 23%. Þónokkuð fleiri eru viðstaddir þingið en höfðu ekki verið skráðir sérstaklega á kjörbréf, þeir sem ekki eru skráðir á kjörbréf eru gestir á fundinum og hafa ekki atkvæðarétt.

9. Staðfesting á aðild nýrra félaga.

Borðtennisfélag Mosfellsbæjar og Pílufélag Garðabæjar hafa sótt um aðild að UMSK en stjórn sambandsins hefur samþykkt umsóknirnar.

Aðild félaganna er borin upp á þinginu og hún staðfest.

10. Umræður um skýrslu stjórnar.

Engin kvað sér hljóðs

11. Umræður og atkvæðagreiðsla um reikninga.

Enginn kvað sér hljóðs. Reikningar samþykktir samhljóma.

Hlé á þinghaldi: Viðurkenningar UMSK afhentar:

Íþróttakona UMSK 2023

Thelma Aðalsteinsdóttir, fimleikakona í Gerplu

Íþróttakarli UMSK 2023

Friðbjörn Bragi Hlynsson, kraftlyftingamaður í Stjörnunni

Lið ársins 2023

Mfl. kk í knattspyrnu hjá Breiðablik

Félagsmálaskjöldur UMSK 2024

Birna Kristín Jónsdóttir, Aftureldingu

Hvatningarverðlaun UMSK 2024

Álftanes fyrir metnaðarfullt starf körfuknattleiksdeildar Karatefélag Garðabæjar fyrir starf í þágu ungmenna

Silfurmerki UMSK

Margrét Dögg Halldórsdóttir

Rakel Másdóttir

Gullmerki UMSK

Jón Júlíusson

Halla Garðarsdóttir

12. Skipað í nefndir til starfa á þinginu, ef þörf þykir, þar á meðal uppstillingarnefnd sem starfar á milli þinga.

Engar nefndir skipaðar á þinginu.

13. Fjárhagsáætlun fyrir næsta ár lögð fram.

Tillaga um fjárhagsáætlun - Frá stjórn UMSK

100. héraðsþing UMSK haldið 21. mars 2024, samþykkir eftirfarandi áætlun fyrir árið 2024

Fjárhagsáætlun UMSK 2024

<u>Tekjur:</u>	Áætlun 2024
Íslenskar Getraunir	3.000.000
Lottó ÍSÍ	89.200.000
Lottó UMFÍ	56.300.000
Aukagreiðsla Lotto	0
Aðildargjöld félaga	3.500.000
Útbreiðslustyrkur ÍSÍ	3.500.000
Aðrir styrkir og tekjur	1.000.000
Tekjur samtals	156.500.000

Rekstrargjöld

Lottó úthlutað til aðildarféлага	114.945.000
Úthlutað úr Afreksmannasjóði	10.185.000
	125.130.000

Laun:

Laun og launatengd gjöld	16.500.000
Laun samtals	16.500.000

Rekstur skrifstofu

Áhöld og búnaður	300.000
Bókhald, reikningagerð	750.000
Húsaleiga, annar húsnæðiskostnaður	1.100.000
Ritföng, pappír, prentun	50.000
Sími og net	300.000
Tölvukostnaður (tæki, kerfi, leyfi)	1.000.000
Rekstur skrifstofu samtals	3.500.000

Lagt í sjóði

Lagt í fræðslu- og verkefnasjóð	4.000.000
Lagt í sjóði samtals	4.000.000

Verkefni og viðburðir

Stuðningur við íþróttaviðburði og félagsstar	1.300.000
Verðlaun/viðurkenningar	500.000
Útgáfukostnaður	500.000
Þing og sérráð	1.200.000
Framlög, styrkir og önnur verkefni	500.000
Verkefni og viðburðir samtals	4.000.000

Annar kostnaður:

Aðkeypt þjónusta	450.000
Ferðakostnaður	400.000
Veitingar, fundakostnaður	1.000.000
Geymsluhúsnæði	400.000
Tryggingar	20.000
Fræðsla og endurmenntun	200.000
Stjórnunarkostnaður	800.000
Annar kostnaður samtals	3.270.000

Rekstrargjöld samtals 156.400.000

Afkoma fyrir fjármagnsliði 100.000

Victor Ingi Olsen fór yfir tillögu að fjárhagsáætlun sambandsins fyrir árið 2024. Gert er ráð fyrir því að starfsemi UMSK verði að mestu svipuð og árið á undan.

Victor vakti athygli á því að ný samþykktar breytingar á lottóreglugerðum ÍSÍ og UMFÍ samhliða stofnun svæðisskrifstofa íþróttahreyfingarinnar ásamt inngöngu ÍBR og ÍBH í UMFÍ kæmu til með að hafa umtalsverð áhrif á tekjur UMSK á næstu árum. Mestu mun muna að frá og með apríl mun sambandið ekki lengur fá greiddan útbreiðslustyrk frá ÍSÍ sem nam rúmri 15,6 milljónum á árinu 2023 en þeir fjármunir komu ekki til skiptingar skv. Lottóreglugerð UMSK heldur greiddu þeir drjúgan hlut af hefðbundnum rekstrarkostnaði sambandsins.

Þá munu reglulegar lottótekjur UMSK sem koma til skiptingar skv. reglugerð sambandsins dragast lítilega saman en áhrifin af því á greiðslur til aðildarfélaga UMSK verða þó vonandi hverfandi.

Fjárhagsáætlun borin upp og samþykkt samhljóða.

14. Laga- og reglugerðarbreytingar lagðar fram.

Victor Ingi Olsen flytur tillögu stjórnar UMSK um breytingu á lögum UMSK. Lög UMSK eru nú endurskoðuð að hluta en þeim var síðast breytt á ársþingi 2021. Þá líkt og nú er fyrst og fremst um orðalagsbreytingar og uppfærslur í takt við þær breytingar sem þegar hafa komið til framkvæmda í starfsumhverfi félaga. Efnisbreytingar snúa flestar að því að styrkja lagalega stoð til samræmis við það verklag sem mótast hefur undanfarin ár ásamt því að færa efni laganna nær samtímanum.

Sigurður Guðmundsson, formaður Stjórnunnar, tók til máls lagði til að UMSK myndi koma upp nýju verklagi við samþykkt umsókna nýrra félaga. Stjórn UMSK kæmi til með að kanna hug fjölgreinafélaga í viðkomandi sveitarfélagi áður en félögin yrði samþykkt og þá með það að markmiði að kanna hvort vilji standi fyrir því hjá aðilum að nýstofnuð félög eða starfsemi þeirra myndi renna inn í fjölgreinafélögin með það að markmiði að auka skilvirkni og nýta þá innviði sem þegar eru til staðar innan þeirra.

Victor Olsen tók til máls og sagði sjálfsagt að skoða slíkt fyrirkomulag, þetta væru sjónarmið sem ættu vel rétt á sér og tekið yrði tillit til þeirra við endurskoðun á verklagi í tengslum við umsóknir nýrra félaga. Þetta væri þó í eðli sínu ekki lagabreytingatillaga heldur góð uppástunga og því þörf á að taka frekar fyrir hér.

Andri Stefánsson, framkvæmdastjóri ÍSÍ, gerði nokkrar minniháttar athugasemdir sem hann taldi rétt að tekið yrði tillit til. Hann vísaði til þess að betra væri að lög UMSK vísuðu alltaf til þess að UMSK væri samband en ekki félag eins og kemur fram í 16. gr. „slit félagsins“. Þá benti hann á að betra væri að frestur til þess að skila inn starfsskýrslum væri 15. apríl í lögum ÍSÍ og því færi ekki vel á því að lög UMSK gæfu frest til 1. júní. eins og tillagan gerir ráð fyrir. Þá benti hann á að í lögum UMSK hafi íþróttafulltrúi ríkisins seturétt á þinginu en embættið hafi verið lagt niður fyrir mörgum árum.

Victor Olsen tók til máls og þakkaði fyrir gagnlegar athugasemdir. Það væri sjálfsagt að vísa alltaf til UMSK sem samband til aðgreiningar við félög/aðildarfélög. Varðandi frest til þess að skila inn starfsskýrslu þá væri það nú svo að mörg af stærri aðildarfélögum UMSK væru ekki búni að halda ársfundi sína fyrir 15. apríl og þau því ekki tilbúin með samþykktu ársreikninga. Það væri þó sjálfsagt að gera breytingar á tillögunni til samræmis við þetta. ÍSÍ hafi jú undanfarin ár framlengt þessum skilafrest umtalsvert.

Hafsteinn Pálsson tók til máls og sagði að það þyrfti að vera búið að ákveða hvað verði um eignir sambandsins við slit þess svo þingið sé ekki að takast á um það.

Victor Olsen tók til máls og sagði ákvæðið um slit sem nú er lagt til væri til samræmis við það verklag sem lög UMFÍ segja til um, auk þess væri ansi erfitt að útfæra skiptinguna í lögum nú enda mikill munur á því hvað ætti að verða um eignir ef sambandinu er slitið borið saman við það hvað verður um þær ef sambandið sameinast öðrum aðila.

Victor Olsen lagði til að samþykkt yrði að breyta lagabreytingatillögu stjórnar UMSK og uppfæra hana í samræmi við athugasemdir Andra hvað varðar orðalag í 16. gr. og þar segir nú „slit sambandsins“ í stað „slit félags“ og skilafrestur starfsskýrslna í 5. gr. laganna yrðir áfram hafður 15. apríl.

Breytingartillagan er samþykkt.

Eftirfarandi lagabreytingatillaga er eftirfarandi og er lögð fram í heilu lagi.

LÖG UNGMENNASAMBANDS KJALARNESPINGS

1. gr. Heiti og sambandssvæði

Sambandið heitir Ungmennasamband Kjalarnespings, skammstafað UMSK. Sambandssvæðið er Garðabær, [Kjósarhreppur](#), [Kjósir](#), Kópavogsbær, Mosfellsbær og Seltjarnarnesbær. UMSK starfar samkvæmt lögum ÍSÍ og UMFÍ.

2. gr. Markmið og hlutverk

[UMSK er fyrst og fremst ætlað að efla íþróttastarf og íþróttafélög á sambandssvæðinu, það gerir félagið með eftirfarandi hætti:](#)

- a. Að vera leiðandi héraðssamband og öflugur bakhjarl aðildarfélaga á félagssvæðinu sem eflir enn frekar starf félaganna með virkum samskiptum og fylgist með nýjungum, straumum og stefnum í samfélaginu hérlendis sem og erlendis.
- b. Að stuðla að auknu samstarfi íþróttafélaganna og veita þeim ráðgjöf, fræðslu ásamt því að miðla faglegri sérþekkingu.
- c. Vera ráðgefandi og stuðla að þverfaglegu samstarfi og samvinnu.
- d. Að hafa frumkvæði um eflingu íþróttastarfs og vera málsvari íþróttahreyfingarinnar á félagssvæðinu auk þess að annast samstarf um íþróttamál við sveitarfélög, opinbera aðila og aðra hagsmunaaðila innan sambandssvæðisins.
- e. Að varðveita og deila milli félaganna arði frá Íslenskri Getspá.
- f. Að vera reiðubúin að aðstoða við skipulag, undirbúning og framkvæmd íþróttamóta auk ráðgjafar við aðra viðburði á vegum aðildarfélags, sé eftir því leitað.
- g. Að hafa umsjón með sameiginlegum íþróttamálum á sambandssvæðinu samanber lög ÍSÍ um héraðssambönd og íþróttabandalög og fylgjast með því að starfsemi aðildarfélaga fari fram skv. gildandi lögum þeirra og íþróttahreyfingarinnar í heild, sbr. lög ÍSÍ.
- h. Að tilkynna ÍSÍ og viðkomandi sérsambandi um stofnun nýrra félaga og deilda. Aðstoða aðildarfélög við að staðfesta lög/lagabreytingar aðildarfélaga og halda utan um staðfest lög félaga.

[Um önnur atriði sem ekki eru tekin fram hér að framan gilda lög ÍSÍ um hlutverk héraðssambanda.](#)

3. gr Réttur til aðildar

Rétt til aðildar sambandinu hafa þau ungmenna- og íþróttafélög sem starfrækt eru á sambandssvæðinu og hafa lög sín í samræmi við lög Ungmennafélags Íslands, Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands og starfa jafnframt í anda þeirra.

4. gr. Umsókn um aðild

Félag sem óskar inngöngu í sambandið, skal senda skriflega umsókn til skrifstofu UMSK ásamt lögum félagsins, skrá yfir stofnfélaga, félagsmenn og stjórn. Félagið öðlast ekki fulla aðild að sambandinu fyrr en sex mánuðum eftir að stjórn UMSK hefur samþykkt inngönguna er staðfestast skal á næsta héraðsþingi.

5. gr. Starfs- og ársskýrslur

Aðildarfélög skulu senda starfsskýrslur rafrænt í ~~gagnagrunn sameiginlegt skilakerfi~~ UMFÍ og ÍSÍ með féлага- og iðkendatölum, ~~og lykiltölum~~ úr ársreikningum ~~ásamt afriti af ársreikningi~~ fyrir 15. apríl ár hvert. ~~Fyrir 1. júní ár hvert skulu félögin skila árskýrslum sínum til sambandsins ásamt staðfestum ársreikningi. Sé þess óskað skulu aðildarfélög einnig senda staðfestan ársreikning til UMSK eigi síðar en 1. júní ár hvert.~~ Berist árskýrslur ~~eða ársreikningur~~ ekki fyrir tilsettan tíma er stjórn sambandsins heimilt að fresta greiðslum á hlutdeild viðkomandi aðila í ~~tekjum í stenskrar getspari~~ ~~Lottótekjum UMSK~~ þar til skýrslur berast.

Hvert það aðildarfélag, sem ekki hefur haldið aðalfund og sent starfsskýrslur og ársreikninga, missir atkvæðisrétt sinn á næsta ~~ársþingi~~ ~~héraðsþingi~~ UMSK.

Líði annað ár án þess að félag haldi aðalfund eða geri skil á skýrslum, ársreikningum og gjöldum, getur ~~ársþing~~ ~~héraðsþing~~ UMSK tekið ákvörðun um, að félaginu skuli vikið úr sambandinu. Ákveði þing að víkja félagi úr sambandinu skal tilkynna það til félagsins, ÍSÍ, UMFÍ og viðkomandi sérsambands/sérsambanda.

6. gr. Héraðsþing

Sambandið skal árlega halda héraðsþing og skal það haldið fyrir lok mars ár hvert og til skiptis hjá sambandsfélögunum. Viðkomandi félag leggur til aðstöðu. Þó getur sambandsstjórn ákveðið aðra tilhögun með héraðsþing, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Þing skal boðað með minnst mánaðar fyrirvara. Skriflegt fundarboð (síðara fundarboð) með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir héraðsþing skal senda aðildarfélögum með eigi minna en 15 daga fyrirvara. Tillögur að lagabreytingum og tilkynningar framboðs til formanns og stjórnar, sem og aðrar tillögur sem leggja skal fyrir þingið, skulu berast skrifstofu UMSK eigi síðar en 20 dögum fyrir þing.

~~Héraðsþing skoðast lögmeitt, ef löglega er til þess boðað.~~

7. gr. Hlutverk héraðsþings

Héraðsþing úrskurðar reikninga sambandsins, sem skulu miðast við almanaksárið. Það ræðir og gerir tillögur um starfsemi sambandsins. Ef deilur rísa milli féлага sambandsins, ber héraðsþingi að úrskurða þær nema deilumál og kærur sem fara ber með samkvæmt fjórða kafla um Dómstóla ÍSÍ í lögum ÍSÍ. Héraðsþing ákveður aðildargjald félaganna til sambandsins. ~~Ársskýrstu og aðildargjaldið skulu sambandsfélögin senda fyrir 1. júní ár hvert.~~

8. gr. Fulltrúar á héraðsþingi

~~Sambandsfélögin kjósa aðalfulltrúa og varafulltrúa á félagsfundum sínum~~ ~~Aðildarfélög tilnefna aðalfulltrúa og varafulltrúa~~, til að mæta á héraðsþingi, einn fyrir hverja 100 eða færri og einn fyrir 50 umfram síðasta hundrað gjaldskyldra félagsmanna 16 ára og eldri. Þó skulu fulltrúar aldrei vera fleiri en 9 frá sama félagi. Stjórnarmeðlimir sambandsins hafa atkvæðisrétt þótt þeir séu ekki kjörnir fulltrúar.

~~Héraðsþing skoðast lögmeitt, ef löglega er til þess boðað.~~

9. gr. Réttur til þingsetu

Á héraðsþingi hafa aðeins kjörnir fulltrúar og sambandsstjórn atkvæðisrétt. Atkvæðisrétt á héraðsþingi hafa aðeins kjörnir fulltrúar þeirra félaga sem skilað hafa inn skýrslum skv. 5. grein. Auk þeirra eiga rétt til þingsetu og hafa þar málfrelsi og tillögurétt:

- a. Fulltrúar ÍSÍ og UMFÍ
- b. Íþróttafulltrúi ríkisins.
- c. Skoðunarmenn reikninga
- d. Meðlimir fastanefnda.
- e. Starfsmenn sambandsins.

Auk þess getur sambandsstjórn boðið öðrum aðilum þingsetu. Aðeins sá sem er í félagi innan sambandsins er kjörgengur fulltrúi þess á héraðsþingi. Hver fulltrúi hefur eitt atkvæði. Allir þingfulltrúar skulu hafa kjörbréf.

10. gr. Dagskrá héraðsþings

Störf héraðsþings, sem er æðsti aðili UMSK, eru þessi:

1. Þingsetning.
2. Kosning þingforseta.
3. Kosning þingritara.
4. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.
5. Skýrsla stjórnar lögð fram.
6. Ársreikningur áritaður af stjórn og skoðunarmönnum lagður fram.
7. Ávörp gesta.
8. Álit kjörbréfanefndar.
9. Staðfesting á aðild nýrra félaga.
10. Umræður um skýrslu stjórnar.
11. Umræður og atkvæðagreiðsla um reikninga.
12. Skipað í nefndir til starfa á þinginu, ef þörf þykir, þar á meðal uppstillingarnefnd sem starfar á milli þinga.
13. Fjárhagsáætlun fyrir næsta ár lögð fram.
14. Laga- og reglugerðarbreytingar lagðar fram.
15. Aðrar tillögur lagðar fram.
16. Nefndarstörf um framlagðar tillögur og önnur mál sem nefndir ákveða að taka fyrir.
17. Afgreiðsla á álit nefnda.
18. Önnur mál.
19. Kosningar, kjörnefnd skilar álit.
20. Kosning formanns.
21. Kosning tveggja stjórnarmanna.
22. Kosning þriggja manna í varastjórn.
23. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara.
24. [Kosning til íþróttapings skv. tögum ÍSÍ á því ári sem íþróttaping er haldið. Kosning annarra embætta ef þurfa þykir.](#)
25. Þingslit.

Ef lægsta atkvæðatala til að ná kosningu fellur á tvo eða fleiri, skal kjósa um þá á ný, bundinni kosningu.

Verði þeir enn jafnir, ræður hlutkesti. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum nema um lagabreytingar sé að ræða.

11. gr. Aukaping

Aukaþing skal halda ef nauðsyn krefur og ef helmingur sambandsaðila óskar þess. Allur boðunar- og tilkynningafrestur til aukaþings má vera helmingi styttri en til reglulegs þings. Fulltrúar á aukaþingi eru þeir sömu og voru á næsta reglulega þingi á undan og gilda sömu kjörbréf. Þó má kjósa að nýju í stað fulltrúa sem er látinn, veikur eða forfallaður á annan hátt. Á aukaþingi má ekki gera laga- eða reglugerðarbreytingar og ekki kjósa stjórn nema bráðabirgðastjórn, ef meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum eða stjórnin hefur að eigin dómi orðið óstarfhæf. Að öðru leyti gilda um það sömu reglur og um reglulegt héraðsþing.

12. gr. Stjórn

Stjórn sambandsins skipa 5 menn. Formaður skal kosinn sérstaklega til tveggja ára í senn. Aðrir stjórnarmenn skulu kosnir til tveggja ára, þó þannig að aðeins skal kosið um tvo árlega. Árlega skal kjósa þrjá menn í varastjórn og enn fremur tvo skoðunarmenn reikninga og tvo til vara. Stjórninni er heimilt að skipa starfsnefndir sér til aðstoðar við sérstök verkefni eða ákveðna þætti starfsins, telji hún þess þörf.

Stjórninni er heimilt að boða til fundar með formönnum aðildarféлага UMSK [í september eða október ár hvert](#).

13. gr. Hlutverk stjórnar

Stjórn stýrir málefnum sambandsins milli þinga og fylgist með starfsemi félaganna. Stjórn skiptir með sér verkum. Stjórnin varðveitir skjöl og sjóði sambandsins sem og aðrar eignir og leggur fram [endurskoðaða](#) reikninga á hverju héraðsþingi. Stjórn sambandsins svo og nefndir þess skulu halda gerðabók.

Stjórnin [setur og breytir öllum reglugerðum sem gilda um starfsemi sambandsins öðrum en þeim er snúa að úthlutunarreglum Lottó en þeim er einungis hægt að breyta á héraðsþingi](#).

[Þá](#) skal [stjórn](#) setja reglur um allar ferðir á vegum sambandsins.

[Stjórn skal deila út þingsætum eða eftir atvikum tilnefna fulltrúa UMSK á þau þing sem UMSK á fulltrúa á.](#)

14. gr. Lagabreytingar

Tillögur til lagabreytingar skal leggja fram í upphafi þings og sé þeim síðan vísað til laganefndar sem skal vera ein af fastanefndum þingsins. Tillögur til lagabreytinga skulu hafa borist skrifstofu UMSK eigi síðar en 20 dögum fyrir sambandsþing sem sendir þær sambandsaðilum til kynningar.

[Um breytingar á Lottóreglugerð UMSK skulu gilda sömu reglur og ef um lagabreytingar sé um að ræða.](#)

15. gr. Atkvæðamagn við lagabreytingar

Héraðsþing getur breytt lögum þessum með 2/3 greiddra atkvæða á héraðsþingi.

16. gr. Slit sambandsins

[Til þess að slíta UMSK eða sameina það öðrum sambærilegum samtökum þarf samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða á lögmætu héraðsþingi. Slík tillaga þarf einnig að hljóta samþykki 2/3 hluta greiddra](#)

[atkvæða á aukabingi sem stjórn UMSK skal boða til innan 6 mánaða. Ef samþykkt verður skv. 1. mgr. að slíta UMSK skal aukabingið ákveða hvert fjárhagslegar og ófjárhagslegar eignir og réttindi UMSK skulu renna.](#)

176. gr. Gildistaka

Með gildistöku laga þessara falla úr gildi eldri lög sambandsins. Lög þessi taka gildi við staðfestingu ÍSÍ og UMFÍ, enda reynist þau vera í samræmi við lög ÍSÍ og UMFÍ.

Samþykkt á héraðsþingi UMSK 21. mars 2024

Tillagan er samþykkt samhljóða með öllum greiddum atkvæðum.

15. Aðrar tillögur lagðar fram.

a) Tillaga frá stjórn UMSK um aðildargjöld félaga 2024

Victor Ingi Olsen ber upp tillöguna fyrir hönd stjórnar en tillagan ásamt greinargerð hafði verið send aðildarfélögum í aðdraganda héraðsþings. Lagt er til að aðildargjöld verði sem hér segi;

Grunngjald á hvert aðildarfélag: 25.000 kr. Gjald per iðkun: 50 kr.

Tillagan er samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

b) Félögum vísað úr UMSK

Lyftingafélagið Garðabæjar
Knattspyrnufélagið Skandinavía

Starfsemi félaganna hefur verið lögð niður og þeim því vísað úr UMSK.

16. Nefndarstörf um framlagðar tillögur og önnur mál sem nefndir ákveða að taka fyrir.

Engar nefndir störfuðu á þinginu

17. Afgreiðsla á álitum nefnda.

Engar nefndir störfuðu á þinginu

18. Önnur mál.

a) Kosning 4 manna í stjórn Afrekssjóðs

Tillaga barst um óbreytta stjórn frá fyrra ári lögð fram
Sólborg Sumarrós Sigurðardóttir, Gerpla
Ellen Dröfn Björnsdóttir, DÍK
Jóhann Þór Jónsson, Breiðablik
Halldór Orri Björnsson, Stjarnan

Tillagan borin upp og hún samþykkt.

19. Kosningar, kjörnefnd skilar álit.

Formaður kjörbréfanefndar Eysteinn Pétur Lárusson staðfestir þingfulltrúa. Álit kjörbréfanefndar er samþykkt.

20. Kosning formanns.

Ekki er kosið um formannsembættið að þessu sinni þar sem sitjandi formaður, Guðmundur Sigurbergsson, var kjörin til tveggja ára á 99. ársþingi sambandsins.

21. Kosning tveggja stjórnarmanna til 2 ára.

Tveir einstaklingar gefa kost á sér;
Lárus B. Lárusson og Margrét Dögg Halldórsdóttir

Teljast þau sjálfkjörin þar sem ekki bárust fleiri framboð

22. Kosning þriggja manna í varastjórn til 1 árs.

Þrír einstaklingar gefa kost á sér;
Rakel Másdóttir, Sigurjón Sigurðsson og Matthildur B. Stefánsdóttir

Teljast þau sjálfkjörin þar sem ekki bárust fleiri framboð

23. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara.

Tillaga lögð fram um að skoðunarmenn reikninga sambandsins árið 2024 verði; Magnús Gíslason og Kristján Sveinbjörnsson en til vara verði Margrét Björnsdóttir og Hafsteinn Pálsson.

Tillagan er samþykkt.

24. Kosning til Íþróttapings skv. lögum ÍSÍ á því ári sem Íþróttaping er haldið.

Ekki er þing á árinu.

25. Þingslit.

Guðmundur þakkar fundarmönnum fyrir komuna, slítur þingi og óskar öllum góðrar heimferðar.